

REYKJAVÍKURBORG
30. JÚNÍ 2017

Dagþjónusta

Greiningar- og aðgerðaáætlun með aðferðafræði
kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar



Velferðarsvið

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt	3
Helstu niðurstöður	3
Aðgerðir	5
Mælikvarðar	5
Eftirlit og mat	5
Grunntölur	6
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk.....	7
Dagþjónusta fyrir aldraða.....	9
Greining þjónustubátta.....	11
Kynjagreining.....	12
Grunntölur	6
Tafla 1. Fjöldi fatlaðs fólks skipt eftir tegund fötlunar og kyni	6
Tafla 2. Fjöldi fatlaðs fólks skipt eftir kyni og aldri	6
Tafla 3. Fjöldi aldraðs fólks í Reykjavík skipt eftir kyni	7
Tafla 4. Fjöldi fatlaðs fólks í dagþjónustu eftir kyni og aldri	7
Tafla 5. Fjöldi tíma og kostnaður í dagþjónustu fatlaðs fólks eftir kyni	8
Tafla 6. Starfsmenn í dagþjónustu fyrir fatlað fólk eftir kyni og aldri	8
Tafla 7. Biðlisti eftir dagþjónustu fyrir fatlað fólk eftir kyni og aldri	9
Tafla 8. Fjöldi aldraðra í dagdeildum eftir kyni og meðalaldri	9
Tafla 9. Fjöldi daga og kostnaður í dagdeildum aldraðra eftir kyni	10
Tafla 10. Starfsmenn í dagdeildum aldraðra eftir kyni og meðalaldri	10
Tafla 11. Biðlistar í dagdeildum aldraðra eftir kyni og meðalaldri	10

Inngangur

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skipaði hóp með erindisbréfi í þeim tilgangi að greina dagþjónustu sem veitt er af velferðarsviði með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Dagþjónusta er veitt sem stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum og til fatlaðs fólks í formi starfshæfingar, vinnu og virkni. Til grundvallar greiningunni í dagþjónustu voru gögn um veitta þjónustu til einstaklinga, fjöldi tíma í vinnu og virkni og starfshæfingu, sem voru skoðuð m.t.t. til aldurs og kyns. Markmiðið verkefnisins var að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis.

Ábyrgðarmenn verkefnisins voru Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri og Agnes Sif Andrésdóttir skrifstofustjóri fjármála og rekstrar.

Starfshópurinn var skipaður starfsmönnum af skrifstofu velferðarsviðs; Katrín Þórdís Jacobsen deildarstjóri sem var hópstjóri, Jenný Stefanía Jensdóttir fjármálasérfræðingur og Sigurbjörg Fjölinsdóttir deildarstjóri.

Til ráðgjafar voru Guðmundur Sigmarsson, deild gæða og rannsóknar, Bryndís Eva Sverrisdóttir skrifstofu fjármála- og reksturs og fulltrúi velferðarsviðs í stýrihópi KFS og Lára Rúnarsdóttir, verkefnastjóri KFS.

Hlutverk hópsins og verkefni: Greina útgjöld velferðarsviðs til dagþjónustu út frá kyni og aldri notenda árið 2016 með aðferðarfræði KFS.

Starfstími hópsins var 2. maí – 30. júní 2017

Samantekt

Skoðuð var dagþjónusta fyrir aldraða og fatlað fólk veitt af velferðarsviði með aðferðarfræði kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar. Kostnaður við þjónustu á árinu 2016 m.t.t. aldurs og kyns notenda var greindur. Stuðst var við gögn úr málaskrá, vinnustund og frá þjónustuveitendum (Ás, dagþjónustu og hæfingarstöðvum).

Helstu niðurstöður

1. Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu fatlaðs fólks byggir á fjölda fatlaðs fólks í Reykjavík sem eru í málaskrá velferðarsviðs, alls 2.591 þar af 1.623 (63%) karlar og 968 (37%) konur.
2. Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu aldraðs fólks byggir á þjóðskrá fyrir 80 ára og eldri, í samræmi við meðalaldur þjónustuþega í dagdeildum. Fjöldi er alls 4.704 þar af 1.702 karlar (36%) og 3.002 (64%) konur.
3. Árið 2016 var heildarfjöldi einstaklinga í dagþjónustu fatlaðs fólks 289, þar af 164 karlar (57%) og 125 konur (43%). Samanburður við kynjahlutfall fatlaðs fólks í málaskrá velferðarsviðs bendir til **6 prósentustiga** mismunar sem hallar á karla.

4. Árið 2016 var heildarfjöldi einstaklinga á dagdeildum aldraðra 112, þar af 25 karlar (22%) og 87 konur (78%). Meðalaldur karla var 83,7 ár en kvenna 85,3 ár. Samanbuður við kynjahlutfall aldraða á þessu aldursbili í Reykjavík bendir til að verulega hallar á karla í dagdeildum fyrir aldraða og er munurinn **14 prósentustig**.
5. Heildarkostnaður dagþjónustu fatlaðs fólks var 965 mkr, þar af 529 mkr vegna karla (55%) og 436 mkr vegna kvenna (45%). Bilið milli kynja í samanburði við fjölda þeirra sem njóta dagþjónustu er **2 prósentustig** sem hallar á karla.
6. Heildarkostnaður í dagþjónustu aldraðra var 18,3 mkr, þar af 13,1 mkr (71%) vegna kvenna og 5,2 mkr vegna karla (29%) Munurinn er **7 prósentustig** í samanburði við kynjahlutfall í dagþjónustu, sem hallar á konur.
7. Meðalaldur í dagþjónustu fatlaðs fólks var 39,7 ár hjá körlum og 38,4 hjá konum.
8. Meðalaldur karla í dagdeildum aldraðra er 83,7 ár og kvenna 85,3 ár.
9. Starfsmenn í dagþjónustu fatlaðs fólks voru alls 204, þar af 156 konur (76%) og 48 karlar (24%). Meðalaldur karla er 43,2 ár og kvenna 49,5 ár. Í Reykjavík eru alls 81.153 einstaklingar á vinnualdri (20-69 ára) og skiptist nær jafnt milli kynja 51% karlar og 49% konur. Verulega hallar á karla í kynjagreiningu starfsfólks eða alls **27 prósentustig**.
10. Starfsmenn í dagdeildum aldraðra voru alls 29, þar af 28 konur (97%) og einn karl. Aldur karlsins er 54 en meðalaldur kvennanna er 47,8 ár. Um er að ræða nær fulla aðgreiningu en munurinn er **48 prósentustig**.
11. Alls eru 15 manns á biðlista eftir dagþjónustu fyrir fatlað fólk, þar af 7 nýjar umsóknir en 8 beiðnir um milliflutning. Karlar eru 10 (67%) og konur 5 (33%). Í samanburði við grunntöflu fatlaðra í málaskrá velferðarsviðs er munurinn **4 prósentustig** sem karlar eru fleiri á biðlista.
12. Á biðlista í dagdeildir aldraðra voru alls 60 manns, þar af 36 konur (60%) og 24 karlar (40%). Meðalaldur karla á biðlista er 84,9 ár og kvenna 86,7 ár. Í samanburði við aldraða í Reykjavík á þessu aldursbili er munurinn **4 prósentustig** sem karlar eru fleiri á biðlista.

Kynjamunur út frá grunni	karlar	konur	Mismunur prósentustig	
			karlar	konur
Grunnur fatlað fólk í málaskrá	63%	37%		
Grunnur eldri en 80 ára	36%	64%		
Einstaklingar á vinnualdri	51%	49%		
Dagþjónusta fatlað fólk	57%	43%	-6%	6%
Dagdeildir aldraðra	22%	78%	-14%	14%
Kostnaður dagþjónusta fatlað fólk	55%	45%	-2%	2%
Kostnaður dagþjónusta aldraða	29%	71%	7%	-7%
Starfsmenn dagþjónusta fatlað fólk	24%	76%	-27%	27%
Starfsmenn dagþjónusta aldraðra	3%	97%	-48%	48%
Biðlisti dagþjónusta fatlað fólk	67%	33%	-4%	4%
Biðlisti dagþjónusta aldraðra	40%	60%	-4%	4%

Aðgerðir

Aðgerð #1. Fjölgun karlkyns notenda í dagþjónustu aldraðra.

Markmið er að karlkyns notendur verði sem næst hlutfalli aldraðra. Hlutfall aldraðra skiptist á þann hátt að 44% eru karlar og 56% konur. Hér þarf þó að hafa í huga mismunandi hlutfall eftir aldri, þar sem hlutfall kvenna hækkar með auknum aldri. Sé miðað við meðalaldur notenda í dagþjónustu ætti hlutfall kynjanna að vera á þann hátt að um 40% notenda séu karlar og 60% konur sem endurspeglar á réttan hátt hlutfall kynjanna á biðlista eftir þjónustunni.

Aðgerð #2. Fjölgun karlkyns starfsmanna í dagþjónustu fatlaðs fólks.

Markmið er að hlutfall karla og kvenna verði því sem næst jafnt. Nú eru 24% starfsmanna karlar, en hlutfall kynja á vinnumarkaði er jafnt. Hér þarf því markvisst að vinna að því að ráða inn fleiri karlkyns starfsmenn. Hluti af þeirri aðgerð er að fá fleiri starfsmenn til að sækja um þau störf sem eru auglýst í dagþjónustunni.

Aðgerð #3. Fjölgun karlkyns starfsmanna í dagþjónustu aldraðra.

Markmið er að hlutfall karla og kvenna verði því sem næst jafnt. Nú er eingöngu einn karl starfandi í dagdeildum aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar. Hér þarf því mikla og markvissa vinnu við að ráða inn fleiri karlkyns starfsmenn. Fjölgun karlmanna í starfsmannahópi í dagþjónustu aldraða myndi hugsanlega styrkja aðgerð 1 um að fjölga karlkyns notendum.

Mælikvarðar

Aðgerð #1. Fjölgun karlkyns notenda í dagþjónustu aldraðra.

Að hlutfall notenda endurspegli hlutfall á biðlista eftir þjónustunni og hlutfall aldraðra í Reykjavíkurborg. Hlutfall karla í dagþjónustu þarf því að hækka upp í um 40%. Þessu er stýrt með inntöku nýrra aðila í þjónustuna þannig að hlutfallslega fleiri karlar séu teknir inn en konur þangað til réttu kynjahlutfalli er náð.

Aðgerð #2. Fjölgun karlkyns starfsmanna í dagþjónustu fatlaðs fólks.

Að hlutfall karlkyns og kvenkyns starfsmanna dagþjónustu fatlaðs fólks verði sem næst 50%.

Aðgerð #3. Fjölgun karlkyns starfsmanna í dagþjónustu aldraðra.

Að hlutfall karlkyns og kvenkyns starfsmanna dagþjónustu aldraðra verði sem næst 50%.

Eftirlit og mat

Árlega skal taka út kynjahlutfall á bið eftir þjónustu sem og notenda í þjónustu. Aðgerðir halda áfram uns réttu kynjahlutfalli hefur verið náð.

Grunntöflur

Við KFS greiningu á dagþjónustu hjá velferðarsviði í Reykjavík er nauðsynlegt að hafa til viðmiðunar grunnforsendur sem varða fjölda og kynjaskiptingu aldraðra og fatlaðs fólks í Reykjavík. Tæmandi tölfraði um fjölda fatlaðra í Reykjavík er ekki til, en í neðangreindri grunntöflu er um að ræða tæmandi tölur þeirra virku mála þar sem eru einstaklingar með skráða fötlun mál í Málaskrá velferðarsviðs.

Í Töflu 1 kemur fram að fatlað fólk í Málaskrá er samtals 2.591. Alls eru 1.623 karlar skráðir eða 63% en hlutfall kvenna er 37%.

Tafla 1. Fjöldi fatlaðs fólks skipt eftir tegund fötlunar og kyni

Tegund fötlunar	Hlutfall kynja				
	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona
1. Þroskahömlun	281	204	485	58%	42%
2. Þroskahömlun og atferlistruflun	20	22	42	48%	52%
3. Geðfötlun	312	185	497	63%	37%
4. Fjölfötlun	20	24	44	45%	55%
5. Hreyfihömlun	118	142	260	45%	55%
6. Skynfötlun	115	109	224	51%	49%
7. Einhverfa	561	163	724	77%	23%
8. Önnur fötlun	147	101	248	59%	41%
9. Tegund ekki skráð	49	18	67	73%	27%
Samtals	1.623	968	2.591	63%	37%

Aldursdreifing fatlaðs fólks er sýnd í Töflu 2 og sést þar að tæplega 60% eru 26 ára og eldri. Hlutfallslega flestir karlar eru í aldurshópnum 6-17 ára eða 77%.

Tafla 2. Fjöldi fatlaðs fólks skipt eftir kyni og aldri

	0-5 ára	6-17 ára	18-25 ára	26 ára og eldri	Samtals
Fjöldi					
Karlar	34	483	255	851	1.623
Konur	28	148	122	670	968
Samtals	62	631	377	1.521	2.591
Hlutfall					
Karlar	55%	77%	68%	56%	63%
Konur	45%	23%	32%	44%	37%
Samtals ₁	2%	24%	15%	59%	100%

₁ Hlutfall fatlaðs fólks innan hvers aldurshóps

Heildar íbúafjöldi í Reykjavík og á Seltjarnarnesi 1. janúar 2017 var 127.696 sem skiptist jafnt á milli kynja. Hlutfall fatlaðra á skrá hjá Reykjavíkurborg er 2% af heildarfjölda íbúa.

Í Töflu 3 kemur fram fjöldi fólks 67 ára og eldri skipt eftir kyni. Í aldurshópnum 67-79 ára er kynjaskipting tiltölulega jöfn, þó konur séu fleiri, en eftir því sem fólk eldist eykst bilið á milli kynja. Þannig eru konur 61% í aldurshópnum 80-89 ára og 73% í aldurshópnum 90 ára og eldri.

Tafla 3. Fjöldi aldraðs fólks í Reykjavík skipt eftir kyni

	67-79 ára	hlutfall	80-89 ára	hlutfall	90 ára og eldri	hlutfall	Samtals
karlar	4.677	48%	1.448	39%	254	27%	6.379
konur	5.077	52%	2.306	61%	696	73%	8.079
Samtals ₁	9.754	67%	3.754	26%	950	7%	14.458

₁ Hlutfall aldraðs fólks innan hvers aldurshóps

Dagþjónusta fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið rekur dagþjónustu að Gylfaflöt og lðjubergi fyrir fatlað fólk þar sem alls 61 fatlaður einstaklingur stundar vinnumiðaða þjónustu hluta úr degi eða allan daginn. Auk þess er í gildi samningur við Ás styrktarfélag um dagþjónusturými þar sem 181 fatlaður einstaklingur stundar vinnu og virkni hluta úr degi eða allan daginn. Í vinnustofu Ásgarðs, sem er handverkstæði, stunda 17 einstaklingar vinnu hálfan eða allan daginn. Einnig hafa nokkrir einstaklingar verið í vinnumiðaðri þjónustu á hæfingarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Tafla 4 sýnir fjölda einstaklinga, skipt eftir kyni og meðalaldri á hverjum stað.

Tafla 4. Fjöldi fatlaðs fólks í dagþjónustu eftir kyni meðalaldri

Heiti starfsstöðvar/hæfingarstöðvar	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall kynja		Meðalaldur	
				Karl	Kona	Karl	Kona
1. Gylfaflöt	16	13	29	55%	45%	25,2	25,6
2. lðjuberg	17	15	32	53%	47%	46,6	48,5
3. Ás styrktarfélag	92	89	181	51%	49%	34,3	33,1
4. Ásgarður	17	0	17	100%	0%	46,4	0
5. Blindravinnustofan	2	1	3	67%	33%	60	52
6. Fannborg hæfingarstöð	2	1	3	67%	33%	30	32
7. Dalvegur hæfingarstöð	4	1	5	80%	20%	57,3	60
8. Örvi	11	5	16	69%	31%	35,5	33,2
9. Bæjarhraun hæfingarstöð	3	0	3	100%	0%	32,7	33,2
Samtals	164	125	289	57%	43%	39,7	38,4

Hlutfall karla í dagvistun fyrir fatlað fólk er 57% og kvenna 43% sem er í ákveðnu samræmi við hlutfall fatlaðs fólks í Reykjavík (Tafla 1), en þar er hluti karla 63% og kvenna 37%. Aðrir þættir eins og vilji, áhugi og geta einstaklinga til vinnumiðaðrar dagþjónustu getur verið ráðandi þáttur einnig, en þjónustuþarfir fatlaðra einstaklinga er mjög mismunandi eftir fötlun. Meðalaldur karla er 1,3 ári hærri en kvenna.

Tafla 5 sýnir fjölda tíma í mánuði og kostnað í dagþjónustu í þús. kr. eftir kyni. Við útreikning á kostnaði er tekið mið af ársins fyrir hvert úrræði, deilt niður á heildartímaeiningu. Kostnaður við tímaeiningu er mjög mismunandi eftir úrræði, sem tekur mið af þjónustuþyngd einstaklinganna sem þar eru í vinnumiðaðri stoðþjónustu.

Kostnaður við dagþjónustu fatlaðs fólks árið 2016 var 965 mkr sem skiptist í hlutfallinu 55% niður á kostnað vegna karla og 45% vegna kvenna.

Tafla 5. Fjöldi tíma og kostnaður í dagþjónustu fatlaðs fólks eftir kyni

Heiti starfsstöðvar/hæfingarstöðvar	Fjöldi tíma á mán		Kostnaður á ári		Hlutfall kynja		Kostnaður samtals
	Karl	Kona	Karl	Kona	Karl	Kona	
1. Gylfaflöt	2.008,0	1.762,3	121.003	106.196	53%	47%	227.199
2. Iðjoberg	1.612,9	1.374,8	69.714	59.420	54%	46%	129.134
3. Ás styrktarfélag	10.523,0	10.271,0	264.309	257.229	51%	49%	521.538
4. Ásgarður	1.906,6		34.407		100%	0%	34.407
5. Blindravinnustofan	322,4	161,2	1.939	970	67%	33%	2.909
6. Fannborg hæfingarstöð	173,2	10,0	3.550	205	95%	5%	3.755
7. Dalvegur hæfingarstöð	272,4	86,6	17.040	5.417	76%	24%	22.458
8. Örvi	260,5	252,6	6.767	6.562	51%	49%	13.328
9. Bæjarhraun hæfingarstöð	225,2	0,0	10.225	0	100%	0%	10.225
Samtals	17.304,2	13.918,5	528.955	435.999	55%	45%	964.955

Hlutfall karla í tímafjölda og kostnaði við dagþjónustu er 55% á móti 45% kvenna, sem er í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutfall í dagþjónustu. Aðrir þættir eins og þjónustuþörf og geta notenda hefur áhrif á kostnað, en kostnaður við tímaeiningu er mjög mismunandi eftir úrræði.

Tafla 6 sýnir fjölda starfsmanna í dagþjónustu fyrir fatlað fólk eftir kyni og meðalaldri. Upplýsingar úr hæfingarstöðvum í Fannborg og á Dalvegi lágu ekki fyrir og eru ekki með í þessari upptalningu. Hlutfall kvenna í heild er 76% á móti 24% hlutfalli karla, sem er í miklu ósamræmi við kynjahlutfall notendahóps, 57% karlar og 43% konur. Hlutfall kynjanna er þó mismunandi eftir því hvaða starfsstöð er um að ræða, til dæmis er Ásgarður með jafnt kynjahlutfall og Blindravinnustofan með hærra hlutfall karlkyns starfsmanna. Mismunandi hlutfall kynja í dagþjónustu fyrir fatlað fólk er í samræmi við kynjahlutfall á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, en þar eru um 76% starfsmanna konur. Þó svo að velferðarsvið sinni einnig annars konar þjónustu en við fatlað fólk virðist vera sem störf í beinni þjónustu við notendur séu störf sem konur sækist frekar í. Hér er því um tækifæri að ræða til úrbóta.

Tafla 6. Starfsmenn í dagþjónustu fyrir fatlað fólk eftir kyni og meðalaldri

Heiti starfsstöðvar/hæfingarstöðvar	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall kynja		Meðalaldur	
				Karl	Kona	Karl	Kona
1. Gylfaflöt	12	29	41	29%	71%	35,9	39,8
2. Iðjoberg	6	16	22	27%	73%	36,5	44,3
3. Ás styrktarfélag	19	90	109	17%	83%	38,5	44,7
4. Ásgarður	5	5	10	50%	50%	50,2	55,6
5. Blindravinnustofan	2	1	3	67%	33%	50	65
6. Örvi	1	6	7	14%	86%	43	51,8
7. Bæjarhraun hæfingarstöð	3	9	12	25%	75%	48	45,33
Samtals	48	156	204	24%	76%	43,2	49,5

Tafla 7 sýnir biðlista eftir dagþjónustu fyrir fatlað fólk eftir kyni og meðalaldri. Listanum er skipt niður í nýjar umsóknir annars vegar og umsóknir um milliflutning hins vegar. Samtals voru 15 manns á biðlista í lok árs 2016, þar af 10 karlar (67%) og fimm konur (33%). Kynjahlutfallið er í nokkru

samræmi við fjölda fatlaðs fólks í Málaskrá, sem er 63% karlar og 37% konur. Meðalaldur karla er 34,75 ár en kvenna 26,9 ár.

Tafla 7. Biðlisti eftir dagþjónustu fyrir fatlað fólk eftir kyni og meðalaldri

	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall kynja		Meðalaldur	
				Karl	Kona	Karl	Kona
Nýjar umsóknir	4	3	7	57%	43%	36,8	21,3
Milliflutningur	6	2	8	75%	25%	32,7	32,5
Samtals	10	5	15	67%	33%	34,75	26,9

Dagþjónusta fyrir aldraða

Velferðarsvið Reykjavíkur rekur tvær dagdeildir fyrir aldraða að Þorraseli og Vitatorgi. Dagdvölin er stuðningsúrræði fyrir einstaklinga sem búa í heimahúsum en þurfa félagslegan stuðning. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að áframhaldandi sjálfstæðri búsetu. Boðið er upp á tómstundaiðu, léttar leikfimisæfingar, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Dvalartími getur verið frá einum upp í fimm daga í viku. Dagdvölin á Lindargötu er skilgreind sem hjúkrunardagdvöl, en þangað koma einstaklingar sem greindir hafa verið með minnissjúkdóma af völdum heilabilunar. Fengnar voru upplýsingar um kynjaskiptingu og meðalaldur þjónustuþega frá forstöðumönnum dagdvalar fyrir dæmigerða viku, sem síðan var framreiknuð fyrir heilt ár.

Tafla 8 sýnir fjölda aldraðra eftir kyni og meðalaldri í dagdeildunum tveimur. Hlutfall kvenna í báðum dagdeildum er mun hærra en karla. Samtals er hlutur kvenna 78% á móti 22% karla. Þá er meðalaldur kvenna hærri eða 85,3 ár á móti 83,7 ár hjá körlum. Þegar borið er saman kynjahlutfall aldraðra á þessu aldursbili í Reykjavík í Töflu 3 kemur í ljós að hlutfall kvenna á aldrinum 80 og eldri er 64% á móti 36% karla. Misræmi er því á milli kynjahlutfalls þar sem hlutfallslega fleiri konur eru að fá þjónustu dagdeilda.

Tafla 8. Fjöldi aldraðra í dagdeildum eftir kyni og meðalaldri

Heiti	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall kynja		Meðalaldur	
				Karl	Kona	Karl	Kona
1. Dagdeild Lindargötu	7	13	20	35%	65%	83,7	85
2. Dagdeild Þorrasel	18	74	92	20%	80%	83,7	85,6
Samtals	25	87	112	22%	78%	83,7	85,3

Tafla 9 sýnir fjölda daga og kostnað í dagdeildum aldraðra. Kostnaður Reykjavíkurborgar nam samtals 18,3 mkr á árinu 2016 en reksturinn er að öðru leyti greiddur með daggjöldum frá velferðarráðuneyti og greiðsluþátttöku gesta. Þegar fjöldi daga er skoðaður er hlutfall kvenna 74% sem er aðeins lægra en fram kemur í töflu 8 um hlutfall kynja í dagdeildum, sem bendir til þess að karlar sem á annað borð eru í dagdeildum nýti sér hlutfallslega fleiri daga en konur.

Kostnaður dagdeilda kvenna er 13 mkr eða 71% af heildarkostnaði en kostnaður á dag er mun lægri í Þorraseli en á Lindargötu sem er skilgreind sem hjúkrunardagdvöl.

Tafla 9. Fjöldi daga og kostnaður í dagdeildum aldraðra eftir kyni

Heiti	Fjöldi daga á mán.			Hlutfall kynja		Kostnaður	
	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona	Karl	Kona
1. Dagdeild Lindargötu	125,6	272,8	398,4	32%	68%	3.456	7.508
2. Dagdeild Þórrasel	298,8	943,9	1.242,7	24%	76%	1.767	5.582
Samtals	424,4	1.216,7	1.641,1	26%	74%	5.223	13.089

Tafla 10 sýnir kynjaskiptingu starfsmanna í dagdeildum, þar sem hlutur kvenna er afgerandi í meirihluta því af 29 starfsmönnum er aðeins einn karl. Hér getur verið um svipað að ræða og í þjónustu við fatlað fólk, það er að konur sækist frekar í þessi störf en karlar. Grípa þyrfti því til aðgerða til að laða að fleiri karlmenn til starfa. Ef til vill gæti breytt kynjahlutfall í starfsmannahópi haft áhrif á þá karla sem sækja um og fá úthlutað í dagdeildir á þann hátt að fleiri karlkyns starfsmenn ýti undir að fleiri karlmenn sæki um þjónustuna.

Tafla 10. Starfsmenn í dagdeildum aldraðra eftir kyni og meðalaldri

Heiti	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall kynja		Meðalaldur	
				Karl	Kona	Karl	Kona
1. Dagdeild Lindargötu	0	15	15	0%	100%	53,7	
2. Dagdeild Þórrasel	1	13	14	7%	93%	54	41,9
Samtals	1	28	29	3%	97%	54	47,8

Tafla 11 sýnir kynjaskiptingu og meðalaldur þeirra sem eru á biðlista eftir dagdeild, eins og staðan var um miðjan júní 2017. Fram kemur að kynjahlutfall er nokkuð í samræmi við kynjahlutfall fólks á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 80-89 ára. Þó eru nokkuð fleiri konur á biðlista eftir dagdeild í Þórraseli, sem enn styður e.t.v. meiri félagslega virkni kvenna og almennt líkamlega færni.

Tafla 11. Biðlisti í dagdeild aldraðra eftir kyni og aldri

Heiti	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall kynja		Meðalaldur	
				Karl	Kona	Karl	Kona
1. Dagdeild Lindargötu	17	20	37	46%	54%	86	86
2. Dagdeild Þórrasel	7	16	23	30%	70%	83,7	87,5
Samtals	24	36	60	40%	60%	84,85	86,75

Hlutfall kvenna í dagdvöl á vegum Reykjavíkurborgar er 78% sem er nokkru hærra en kynjahlutfall aldraðra í Reykjavík (Tafla 3). Aðrir þættir gætu haft áhrif; meiri félagsleg virkni kvenna, hærri meðalaldur sem gæti þýtt að konur eru líkamlega færari við að búa lengur á eigin heimili. Kynjamunur er afgerandi þegar kemur að starfsfólki en 97% starfsmanna eru konur.

Aðgerðir: Stuðla þarf að því að auka félagslega virkni karla sem búa í heimahúsum, svo markmið um rof á félagslegri einangrun sé í sem bestu samræmi við kynjahlutföll aldraða íbúa í Reykjavík. Fleiri karlar í starfsmannahóp gæti verið liður í að laða fleiri karla í þjónustu.

Greining þjónustubátta

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Nafn ábyrgðaraðila: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri og Agnes Sif Andrésdóttir, skrifstofustjóri

Greiningaraðilar/teymi: Katrín Þórdís Jacobsen, hópstjóri, Jenný Stefanía Jensdóttir, Sigurbjörg Fjölfnisdóttir

Kostnaður skv. nýjustu fjárhagsáætlun 2017: 1.259 mkr sem skiptist þannig; 550 mkr þjónustubátturinn dagþjónusta auk 709 mkr í samningsbundnum greiðslum vegna dagþjónustu til Ás styrktarfélag, Ásgarðs og annarra hæfingarstöðva.

Tekjur skv. nýjustu fjárhagsáætlun 2017: 277 mkr sem skiptist þannig 169 mkr þjónustubátturinn dagþjónusta auk 108 mkr vegna hlutdeildar íbúa annarra sveitarfélaga í samningsbundnum greiðslum vegna dagþjónustu til Ás styrktarfélag.

Kortlagning

I. Dagþjónusta
<p>Hver eru helstu verkefni innan þjónustubáttarins? Þjónustubátturinn skiptist í annars vegar dagþjónustu fyrir aldraða og hins vegar dagþjónustu fyrir fatlað fólk.</p> <p>Dagþjónusta fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun aldraðra og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Í dagdvöl er boðið upp á tólmundaiðu, léttar leikfimiæfingar, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Gestir dagdvalar eru sóttir að morgni og ekið heim síðdegis. Þjónustan er einnig mikilvæg fyrir aðstandendur aldraðra til að létta undir með þeim í umönnunarhlutverki sínu.</p> <p>Dagþjónusta fyrir fatlað fólk byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er ein af fjölbreyttum þjónustuleiðum sem fatlað fólk með flókna stuðningsþarfir hefur val um og miðar að því að veita tækifæri til virkni og þátttöku í samfélaginu. Þjónustan felur í sér starfsendurhæfingu, sérstaka vinnustaði fyrir fatlað fólk og hæfingarstöðvar. Þjónustan er einnig mikilvæg fyrir aðstandendur fatlaðs fólks til að létta undir með þeim í umönnunarhlutverki sínu.</p>
II. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa?

Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta.

Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru:

- Hvernig er kynjasamsetning starfsmannahóps?
- Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna?
- Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna?
- Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif?
- Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum?
- Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögnum skiptast á milli kynja innan jaðarhópa?
- Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?
- eru einhverjir hópar útilokaðir frá þátttöku/ þjónustu?

III. Hefur þjónustuþátturinn eða verkefni sem til hans heyra einhver jafnréttismarkmið?? (getur verið fleira en eitt)

- | | | |
|---|--|---|
| <input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði | <input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa | X Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu |
| X Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu | <input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði | <input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms |
| <input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa | <input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum | <input type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa |
| X Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæði | <input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímyndum, staðalmyndum og stimplun | |

Kynjagreining

Fatlað fólk í dagþjónustu

Upphæð	Fjöldi þjónustuþega	Hlutfall kk	Hlutfall kvk	Kyngreind gögn	Gögn um jaðarsetta hópa	Áhrif á ólaunaða vinnu	Niðurstaða
964.955kr.	289	57%	43%	Starfs- hópurinn þurfti að kalla eftir gögnum	Já	Mikil	Hlutfall kynja í dagþjónustu er í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutfall fatlaðs fólks.

Aldraðir í dagþjónustu

Upphæð	Fjöldi þjónustubeğa	Hlutfall kk	Hlutfall kvk	Kyngreind gögn	Gögn um jaðarsetta hópa	Áhrif á ólaunaða vinnu	Niðurstaða
18,3mkr.	112	22%	78%	Starfshópurinn þurfti að kalla eftir gögnum	Já	Mikil	Verulega hallar á karlmenn í dagþjónustu fyrir aldraða. Hlutfall ekki í samræmi við hlutfall aldraðra.